

## Bréf biskups (til allra prófasta).

55  
1. mars  
1867.

Sorgleg reynsla hefir margopt sýnt, að þegar fátækir prestar hafa fallið frá, hefir annaðhvort orðið að ganga svo hart að ekkjum þeirra og börnum til að ná sjóði kirknanna, þegar hann í mörg ár hefir runnið saman við prestanna litlu eigur, að ekkjurnar hafa orðið að ganga slyppar og snauðar frá öllu saman, eða dánarbúinu hafa orðið gjaldþrota, og kirkjurnar mist meira eða minna af sjóðum sínum. Að visu eru héraðsprófastarnir skyldir að vaka yfir því, að kirkjurnar missi ekki fé sitt fyrir það, að prestarnir verði ófullveðja fyrir því, og hafa ábyrgð af því, ef þeir gjöra það ekki í tíma, en bæði er það hart að uppáleggja próföstum þessa skyldu án þess hin kirkjulega yfirstjórn gjöri nokkra ráðstöfun til þess að létta undir með þeim, og líka er það eðlilegt, að prófastarnir í lengstu lög kynoki sér við að ganga í þessu efni mjög hart að prestum sínum, þegar þeir ekki hafa beinlínis aðhald til þess af biskupi; en þar að auk verða svo opt prófasta skipti, að það er, ef til vill, kominn nýr prófastr, þegar bersýnilega er komið í óefni með sjóð einhverrar kirkju, sem í mörg ár ekki hefir þurft verulegrar aðgjörðar eða endrbyggingar við, og verður honum þá ekki gjört að skyldu að hafa ábyrgð á gjörðum eða eptirgangsleysi formanns síns eða formanna sinna. Að sönnu hefir prestum á stundum verið hodið að setja veð fyrir sjóðunum, en reynslan hefir sýnt, að slíkt hefir optar en sjaldnar verið þýðingarlítið, því að það er eðlilegt að fæstir vilja ganga í borgun fyrir fátæka presta svo nokkru muni, og í einu prestakalli varð fyrir skemstu sú raun á, að enginn sveitarmanna þar var fær um það.

En að hinu leytnu eru sóknarprestarnir *usufructuarii* kirkjufjárins, og því verður að unna þeim alls þess hagnaðar, sem þeir geta haft af notkun þess, og sem getr staðizt með fulltryggjandi vissu fyrir því, að sjóðum kirkna sé borgið. En þessi hagnaðr sýnist vera nægilegr, ef þeir fá árlega lagavexti af sjóði kirkjunnar, meðan hún ekki þarf hans við. Þess vegna ætti það að vera aðalreglan að koma kirkjusjóðunum á vöxtu, helst hjá einstökum mönnum móti nægu jarðarveði, þegar það er fyrirsjáanlegt, að ekki þarf bráðlega á þeim að halda kirkjunum til endrbyggingar, nema prestrinn heldr kjósi að halda þeim hjá sér og þegar í stað setja fullkomið veð fyrir þeim. En í að framfylgja þessari aðalreglu verður aþr að gjöra mun á því, hvort prestar, sem hafa kirkjusjóði undir hendi, eru enn í brauðunum, eða þar verða prestaskipti. Í hinu fyrra tilfellinu gæti það orðið óbærilegr skaði fyrir prestinn, ef hann yrði að selja búslóð sína, til að geta talið kirkjusjóðinn út í peningum og sett hann á vöxtu, og til þess virðist heldr ekki vera brýn nauðsyn, ef hann annars er fullveðja maðr, en það ætti prestum sjálfum að vera hughaldið að koma sem mestu þeir geta af slíkum sjóðum með ráði héraðsprófastsins á vissa leigustaði. Nokkuð öðru máli er að gegna við prestaskipti, því þá ættu prófastar að fylgja þeirri reglu, að setja sjóði kirknanna á vöxtu, að svo miklu leyti sem þeim verður svarað út í peningum, og fyrirsjáanlegt er að ekki þarf bráðlega að grípa til þeirra.

Að visu er það nú svo, að á flestum prestssetrum eru fleiri eða færri hús, sem fráfaranda tilheyra, og að það getr orðið tilfaranda töluvert hagræði að fá þau, eins og líka búsgögn og skepnur, einkum þegar prestr byrjar búskap, eða flytr langt að, og í þessu efni verður hver prófastr nokkuð að laga sig eptir kringumstæðunum. En þar sem kirkjusjóðrinn nemr fleiri hundruð dölum, mun einhverju af honum optastnær verða svarað út með peningum, en hús óg aðrir munir, fráfaranda tilheyrandi, heldr látnir ganga í ofanálaga á staðinn, þar að auk hefir sá tilfarandi prestr enga fyrirhöfn haft fyrir að innkalla þau gjöld, sem kirkjusjóðrinn samanstendr af, og virðist því vera vel í haldinn að fá lagavexti af honum, meðan kirkjan ekki þarf hans við.

55  
1. marts  
1867.

Þótt eg nú ekki að sinni vilji gjöra beinlínis uppástungur eða ákvarðanir um þetta mál, hefir mér þó þótt full nauðsyn á, að láta yðr í ljósi skoðun mína á því, og bið yðr herra prófastr, að hafa vakandi auga á því í yðar prófastsdæmi, að sjóðum kirkna sè borgið, þaræð það verðr yðar ábyrgðarhluti, ef kirkjurnar nokkurs í missa fyrir afskiptaleyssi yðar, og til að koma í veg fyrir þetta, álit eg, eins og áðr er sagt, eitthvert hið bezta meðal, að koma svo miklu af sjóðunum, sem unt er, einkum við prestaskipti, á vöxti móti fulltryggjandi veði, þar sem þeirra ekki þarf við í bráð til aðgjörðar eða endrbyggingar kirkna, en það leiðir af sjálfu sèr að hlutaðeigandi sóknarprestar á meðan njóta vaxta af þeim, eins og að þeir mega halda sjóðunum hjá sèr, ef þeir setja nægilegt jarðarveð fyrir þeim, og vilduð þèr í skýrslu yðar um ástand og fjárhag kirkna í yðar prófastsdæmi eptirleiðis ár hvert tilkynna mér, hvar sjóðirnir eru geymdir, hvort þeir eru hjá prestunum sjálfum eða settir á vöxtu, og yfir höfuð hvort þèr hafið fulla vissu fyrir, að þeim sè borgið, eða hvort yðr í því efni hefir þótt nauðsynlegt að gjöra nokkra sérlega ráðstöfun.

56  
23. oktbr.  
1868.

*Bréf biskups (til allra prófaste).*

Í tilskipun 29. maí 1744, 13. grein er það boðið, að prestar í hinum minni sóknum hafi 2 og í hinum fjölmennustu 4 meðhjálpara, sem eiga að vera prestinum til aðstoðar og ráðaneytis í öllum kirkjulegum málefnum, og einkum líta eptir barnauppræðingu með þeim. Þessa meðhjálpara eiga prestarnir að kjósa sèr með prófaste vitund af hinum beztu og áreiðanlegustu sóknarbændum, og má enginn skorast undan að takast meðhjálparaembættið á hendr, sbr. líka tilsk. 27. maí 1746, 4. gr.

Þessar lagaákvarðanir, sem enn eru í fullu gildi, geta verið prestum til svo mikils léttis í embættisfærslunni, að hver sá prestur, sem gjörir sèr ljósa hugmynd um köllun sína og lætr sèr ant um að gegna henni rækilega, hlýtr að sjá nytsemi þeirra og ætti því að færa sèr þær sem bezt í nyt. En því miðr mun það allviða eiga sèr stað, að prestar hafa ekki nema 1 meðhjálpara, jafnvel í fjölmönnum sóknum, og hafa með tímanum mist sjónar á þeirri mikilvægu þýðingu, sem löggjafinn hefir ætlazt til að meðhjálparaembættið hefði, þar sem menn nú skoða embætti þeirra næstum eingöngu innifalið í því, að skryða prestinn og aðstoða hann við messugjörðina. Að því er snertir meðhjálparatöluna, þá liggir það í augum uppi, hversu það er óhagkvæmt að hafa ekki nema 1 meðhjálpara í nokkurri sókn, því fallist hann á einhvern hátt, getr þar að rekið, að prestrinn komist í vandræði, auk þess sem það getr vakið tregðu og óvilja hjá mönnum að takast þetta embætti á hendr, þegar þeir þurfa, hvernig sem ástendr fyrir þeim, að fara til kirkju, hvenær sem messað er, í stað þess að skoða þetta embætti sem heiðrsstöðu í söfnuðinum, eins og það í raun rættir er, og sú skoðun hlýtr einnig að ryðja sèr til rúms, þegar meðhjálparar, eru fleiri, og þannig er af létt þeim erfiðleikum, sem fyrir hinn eina eru stöðu þessari samfara, og eptir því sem sú meðvitund verðr almennari, að einhverjir hinir heiðvirdustu menn sèu til þessa kjörnir. Það hlýtr enn fremr og að liggja í augum uppi, hve ómetanlegan létti og liðveizlu prestarnir á þennan hátt geta fengið hjá hinum beztu mönnum í sókninni hvort heldr þeir vilja afstýra einhverri óreglu eða koma einhverju góðu til leiðar, þar sem meðhjálpararnir í öllum slíkum málum eiga að vera þeirra önnur hönd, og prestarnir þannig eiga kost á því í *embættis nafni* að kveðja helztu menn safnaðanna sèr til ráðaneytis. Með þessu móti myndast í hverjum söfnuði nokkurskonar sóknarráð, sem geta haft heillarik áhrif á kirkjuleg málefni og á mentun og framfarir safnaðanna.

Af þessum ástæðum vil eg hérmeð þenustusamlega biðja yðr, herra prófastr, að grenslast eptir því hjá sóknarprestunum í yðar prófastsdæmi, hvernig ástatt er með meðhjálpara-